

Starfsnám kandiðata í Fjallabyggð

Kandiðatinn hefur alltaf aðgang að leiðsögn, hann getur spurt hvenær sem er en fastráðnir lækna í Fjallabyggð eru allir með margra áratuga reynslu af vinnu af heimilislækningum í héraði, tveir sérfræðingar í heimilislækningum og einn í almennum skurðlækningum.

Það er sérstakur innskólunardagur í praktískum hlutum. Kennð aktíft praktísk vinnubrögð í héraði, á stofu og inn á deild. Kennð og leiðbeint um notkun á röntgentækjum, ómtæki, hjartalínuriti og skyndirannsóknnum eins og þungunarprófi, Strept A og CRP og þvagstixi. Kandiðat er oft eftir vilja og þörf þátttakandi í konsultation og fær að fylgjast með vinnubrögðum sérfræðings þegar við á.

Leiðsögn í ungbarna og mæðravernd og tekur ca. þriðjung sjálfur af slíkri vinnu sem er vikulega og er þar með ljósmóður eða hjúkrunarfræðingi en hefur aðgang að læknum.

Kandiðat tekur viku í senn á vakt og er þá alltaf með einn af læknum sem bakvakt á bak við sig, þar sem reiknað er með að lækni geti komið hvenær sem er ef á þarf að halda en auðvelt og aðgengilegt að hringja í hvenær sem er. Einnig er reiknað með aðgangi að lækni að morgni eftir hverja vakt til að fara yfir vakttilfelli sem þarf að ræða og ráðfæra en það á einnig við um stofupraksís hjá kandiðat almennt.

Stundum er kandiðat hálfan dag einn í Ólafsfirði, hefur þá góðan aðgang að lækni símleiðis og lækni tilbúinn að fara yfir ef þörf er. Einnig er alltaf rými eftir þennan hálfan dag að fara yfir tilfelli ef þarf að ræða og ráðfæra sig. Þar er þá um skipulagða stofumóttöku að ræða og innlit inn á hjúkrunarheimili.

Reynt er að láta kandiðat kynnast skólaheilsugæslu þó það sé takmarkað í boði þegar tíminn lendir að sumri en það hefur tekist í einhverjum mæli samt sem áður.

Kandiðat tekur þátt í sameiginlegum setufundi á deild þar sem farið er yfir alla inniliggjandi sjúklinga í teymisvinnu, þar sem allir lækna eru viðstaddir, hjúkrunarfræðingar, sérstaklega deildarhjúkrunarfræðingur á deild og sjúkraþjálfari og stundum heilsugæsluhjúkrunarfræðingur ef það snertir heimahjúkrunarsjúklinga o.s.frv. Einnig tekur kandiðat þátt í stofugangi á deild.

Stefnt er að sameiginlegri fræðslu kandiðata á öllu starfssvæði HSN með því að nota skype-búnað.

Kandiðat hefur einn klukkutíma á viku með mentor eða öðrum klíniskum kennurum í fjarveru mentors en sá tími er á Siglufirði. Þar er farið yfir tilfelli og jafnvel sjúkdómaflokka sem eru aktuellir í vinnu kandiðats, nótnafundir minnst mánaðarlega. Vídeómónitering er meira eftir þörfum.

Einn sjúkraþjálfari er á Siglufirði og annar á Ólafsfirði og gott aðgengi að þeim fyrir kandiðat og góð teymisvinna á milli lækna og sjúkraþjálfara sem kandiðat kemur að.

Kandiðat fær íbúð með húsgögnum nálægt vinnustað frítt til afnota.

Matsalur er á stofnuninni og hægt að kaupa sér morgunmat og hádegismat alla daga, líka um helgar á vakt.

Stutt er í sund og í rækt og í íþróttasal.

8/9 2016
Valþór Stefánsson

